



Sveitarfélög  
Héraðssambönd og íþróttabandalög

Reykjavík 31. maí 2005

## Efni: Íslandsgangan Haltur leiðir blindan, þátttaka sveitarfélaga og íþróttafélaga

Ágæti viðtakandi

Mánudaginn 20. júní munu þeir Guðbrandur Einarsson (nær blindur) og Bjarki Birgisson (hreyfihamlaður) hefja Íslandsgöngu sína, hringinn í kringum landið, undir kjörorðinu „Haltur leiðir blindan“. Dorrit Moussaieff forsetafrú er verndari göngunnar. Tilgangur hennar er að vekja athygli á málefnum, þörfum og aðstæðum barna með sérþarfir um allt land og stuðla að samfélagi án aðgreiningar.

Búið er að skipta leiðinni upp í 46 leggi (dagleiðir) sem eru á bilinu 19 til 37 km, að meðaltali 24 km á dag. Þeir félagar áætla að ljúka göngunni á 46 dögum og koma aftur til Reykjavíkur fimmtudaginn 4. ágúst.

Með þessu bréfi hvetja Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Íþróttasamband fatlaðra ykkur og ykkar fólk (sveitarstjórnir, íþróttalið, leikskóla...) til að **taka vel á móti þeim Guðbrandi og Bjarka við bæjarmörkin og fylgja þeim sem leið liggur í gegnum bæinn eða taka með öðrum hætti þátt í göngunni**. Með því aðstoðið þið við að vekja athygli á mikilvægu málefni og eins er þarna gullið tækifæri til að hitta glæsilegar fyrirmyndir sem sýna okkur hinum að það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi. Er það svo sannarlega í anda fræðslu- og hvatningarverkefnis ÍSÍ, Ísland á iði, sem hefur það að meginmarkmiði að hvetja og styðja landsmenn á öllum aldri til aukinnar hreyfingar og heilsueflingar almennt.

Meðfylgjandi er ferðaáætlun Guðbrands og Bjarka. Þar getið þið séð hvenær þeir áætla að vera á ykkar svæði.

Við hvetjum ykkur eindregið til að sýna þessu lofsverða framtaki áhuga í verki og hafa samband við Tómas Birgir Magnússon verkefnisstjóra (8690093, [tumibm@isholf.is](mailto:tumibm@isholf.is)) eða Guðbrand Einarsson göngugarp (8939244, [nuddstofa@nuddstofa.is](mailto:nuddstofa@nuddstofa.is)), helst fyrir 16. júní, varðandi þátttöku ykkar sveitarfélags í Íslandsgöngunni „Haltur leiðir blindan“.

Vefur haltur leiðir blindan er [www.gangan.is](http://www.gangan.is) þar sem nálgast má nánari upplýsingar um gönguna.

Göngukveðjur,

Ellert B. Schram  
forseti ÍSÍ

Sveinn Áki Lúðvíksson  
formaður Íþróttasambands fatlaðra